

Alþingi
Erindi nr. P 132/478
komudagur 8.12.2005


Iðntæknistofnun

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík

Reykjavík 5. desember 2005

Málefni: Þskj. 25 - 25. mál. Tillaga til þingsályktunar um fullorðinsfræðslu.

Þróunin

Ljóst er að með öldrun samfélagsins verður fullorðinsfræðsla sífellt mikilvægari og þá sérstaklega hjá ófaglærðu fólki og hjá þeim sem hafa þurft að skipta um starfsvettvang á efri árum eða eru með minni menntun eins og segir í þingsályktuninni.

Áherslur

Þekkingarsetur Iðntæknistofnunar hefur mikla reynslu við að starfrækja fræðslu fyrir ófaglært fólk og þá oftast fyrir fólk komið á aldur.

Við tókum undir það sjónarmið að stefnumótun í þessum málefnaflokki er nauðsynleg og að sem flestir hagsmunaaðilar komi að slíkri vinnu. Slík stefnumótun þarf til dæmis að taka tilliti til tveggja hópa við fullorðinsfræðslu. Markhóp sem hefur dottið út úr hefðbundnu námi til dæmis vegna lesblindu eða annarra ástæðna og svo markhóps sem vill skipta um starfsvettvang og þarnast þjálfunar sem hentar nýju starfsviði og fellur að þörfum atvinnurekanda.

Frá okkar sjónarmiði er ekki næginlegt að skapa vettvang þekkingarmiðlunar eins og mörg hefðbundin námskeið eru starfrækt í dag. Samhliða þekkingarmiðlunar þarf að eiga sér stað uppbygging á hæfni og getu einstaklinga til að nota þekkinguna á hagnýtan hátt. Þetta gerist með breyttum viðhorfum og þjálfun í verklagi eða þeim verkum sem verið er að kenna.

Til að þetta geti átt sér stað þarf að starfrækja fræðslu með góðum námsgögnum þar sem gert er ráð fyrir verklegri kennslu samhliða bóklegri.

Einnig er mikilvægt að kennslan sé starfrækt í tengslum við atvinnulífið og sé sniðin að þörfum þeirra aðila sem vilja nýta sér þennan starfskraft.

Aðferðir


Mikilvægt er að það fjármagn sem sett er í fullorðinsfræðslu nýtist ekki síst við námsgagnagerð, samanber framangreind atriði, ef nægilegur árangur á að nást. Þetta er oftast vanmetinn þáttur og fjárfrekur. Það er einnig mikilvægt að við hönnun á námsgögnum sé miðað að því að nemendur geti stuðst við þau þegar viðkomandi er kominn í starf. Hér getur netið komið verulega að gagni sem stuðningur við tiltekna markhópa.

Lagt er til að samkeppnissjóður sé mótaður til úthlutunar á fjármagni til gerðar kennslugagna og verklegri kennslu á þessu sviði. Jafnframt gæti slíkur sjóður lagt áherslu



á samstarf einstakra aðila á þessu sviði við úthlutun styrkja við hönnun kennslugagna. Hugmynd um menntareikning er góð en nauðsynlegt er þó að gera greinamun á fræðslu starfandi aðila annars vegar og hins vegar þeirra sem ekki eru í starfi eða vilja skipta um starfsvettvang. Leggja ber áherslu á síðari hópinn við forgangsröðun verkefna. Mikilvægt er að allt námsframboð og aðgengi að slíkri fræðslustarfsemi sé ekki fjárhagslega íþyngjandi fyrir þá markhópa sem stefnt er á að þjóna.

Virðingarfyllst,



Karl Friðriksson, Iðntæknistofnun

Þekkingarsetur Iðntæknistofnunar starfrækir meðal annars starfsnámsbraut og réttindabraut. Meðal námskeiða innan þessara brauta eru: Rannsóknarfólk, Innra eftirlit í sláturhúsum, Meðferð ávaxta og grænmetis, Meðferð kjöts og kjötvara, Samsetning hitaveiturðra, Stjórnun og rekstur mótuneytis, Umsjónarmenn fasteigna, Verkstjórn og Vinnuvélanám.

Einnig hefur Þekkingarsetrið starfrækt fjöldan allan af námskeiðum á sviði stofnunar og reksturs fyrirtækja undir braut sem nefnist athafnarbraut.